

Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
125 Reykjavík  
b/t Halldór Hallgrímsson Gröndal  
*Sent með tölvupósti*

Akureyri, 6.mars 2025

**Efni: Vegna bréfs um fréttbaumfjöllun um uppsagnir á starfsmönnum hjá sláturhúsi Kjarnafæðis Norðlenska ehf. á Blönduósi, dagsett 4.mars 2025, Tilvísun 2411009.**

Í fyrrnefndu bréfi kemur fram að 23 starfsmönnum sláturhúss SAH Afurða hafi verið sagt upp störfum síðastliðinn föstudag (28.febrúar 2025). Í þessu sambandi er rétt að leiðrétt að 22 starfsmönnum af 27 starfsmönnum í sláturhúsi og kjötvinnslu var sagt upp en ekki 23. Eins er rétt að fram komi að SAH Afurðir er ekki til sem félag þar sem það félag var sameinað Kjarnafæði Norðlenska á árinu 2023, í kjölfar samruna Kjarnafæðis, Norðlenska og SAH sem Samkeppniseftirlitið heimilaði með undirritun sáttar í apríl 2021. Starfsstöðin á Blönduósi hefur því rekin undir merkjum Kjarnafæðis Norðlenska ehf. frá þeim tíma. Uppsögnin náði þannig til starfsmanna Kjarnafæðis Norðlenska eingöngu.

Kjarnafæði Norðlenska vill koma því á framfæri að ákvörðun félagsins um að slátra ekki sauðfé á Blönduósi haustið 2025 og færa aðra þætti starfseminnar til annarra starfsstöðva félagsins í áföngum tengist að engu leiti núverandi eignarhaldi á féluginu né undanþáguákvæðum í lögum nr. 30/2024. Ákvarðanir um hagræðingaraðgerðir innan Kjarnafæðis Norðlenska hafa verið teknað með hag félagsins, starfsmanna, bænda, viðskiptavina og lánadrottna í huga. Kaupfélag Skagfirðinga eða stjórnendur þess hafa engin afskipti haft af rekstri Kjarnafæðis Norðlenska frá því héraðsdómur fell í nóvember 2024.

Rekstur Kjarnafæðis Norðlenska hefur verið þungur og skilaði verulegu tapi árið 2024. Þörf á hagræðingu innan félagsins hefur legið fyrir lengi og hefur framhald rekstrar einingarinnar á Blönduósi verið rætt ítrekað í stjórn félagsins undanfarin ár. Nýting starfsstöðvarinnar á Blönduósi hefur versnað ár frá ári m.a. vegna minni framleiðslu bænda og minni eftirspurnar eftir þeim framleiðsluvörum sem framleiddar eru í starfsstöðinni, t.a.m. súrmat. Árin 2022 og 2023 var rætt í stjórn að hætta starfsemi á Blönduósi en slátrun sauðfjár í sláturhúsínu hefur dregist saman um 14% frá 2021 og 33% frá árinu 2017. Í ljósi erfiðrar stöðu og framtíðarhorfa í framleiðslu og sölu á íslenskum kjötafurðum var það mat stjórnar og stjórnenda að nauðsynlegt væri að grípa þegar í stað til hagræðingaraðgerða svo bregðast megi við ósjálfbærum rekstri.

Virðingarfyllst  
Kjarnafæðis Norðlenska ehf.

